

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. apríl 2014.

**Efni:** Frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisstarfsmenn, nr. 34/2012 (starfsheiti, aldursmörk, gjaldtaka), 378. mál, stjórnarfrumvarp.

Við undirritaðir, sem báðir eru fv. stjórnarmenn í Öldungadeild Læknafélags Íslands, lýsum okkur sammála umsögn Læknafélags Íslands um framangreint frumvarp, sem dags. er 7. apríl sl.

Sérstaklega fögnum við þeirri breytingu sem lagt er til í frumvarpinu að gerð verði á 26. gr. laga um heilbrigðisstarfsmenn. Með þeirri breytingu er aldurshámarki varðandi rekstur eigin starfstofu fært til fyrra horfs, þ.e. að lækna og aðrir heilbrigðisstarfsmenn geti rekið eigin starfstofu án sérstaks leyfis til 75 ára aldurs. Eftir það geta þeir sótt um leyfi fyrst til þriggja ára og síðan ár í senn.

Við teljum að í þessari breytingu felist ákveðinn sparnaður frá því fyrirkomulagi sem nú er því með lögum 34/2012 er gert ráð fyrir að strax frá sjötugu þurfi að sækja um framlengingu á tveggja ára fresti með hámarkstíma til 76 ára aldurs. Það gefur því auga leið að fyrir embætti landlæknis er það vinnusparnaður að enginn heilbrigðisstarfsmaður þarf að sækja um framlengingu leyfis til að reka eigin starfstofu fyrr en frá 75 ára aldri, verði frumvarpið samþykkt.

Við leyfum okkur því að leggja eindregið til að umrætt lagafrumvarp verði samþykkt og lýsum því yfir að við eða aðrir fulltrúar Öldungadeildar Læknafélags Íslands erum að sjálfsögðu reiðubúnir að koma á fund velferðarnefndar Alþingis, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,

Sigurður E. Þorvaldsson



Tryggvi Ásmundsson

